



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins úr borgarráði – Stólar fyrir veitingamenn í borginni (US200214).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 1. júlí sl., var eftirfarandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins úr borgarráði frá 7. maí sl., vísað til umsagnar skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar:

Í máli formanns skipulags- og samgönguráðs í viðtali á Rúv kom fram að Reykjavíkurborg er búin að fjárfesta í stólum fyrir veitingamenn í borginni

- 1. Eru þetta réttar upplýsingar?*
- 2. Hvað eru stólarnir margir?*
- 3. Hvað kostuðu stólarnir?*
- 4. Var farið í verðfyrirspurn eða útboð áður en stólarnir voru keyptir?*
- 5. Af hvaða fyrirtæki/fyrirtækjum voru stólarnir keyptir?*
- 6. Er líka búið að kaupa borð?*
- 7. Ef svo er hvað eru þau mörg og hvað kostuðu þau?*

Í tengslum við verkefnið *Sumarborgin 2020* voru keypt 50 sett með tveimur stólum og einu borði, þ.e. samtals 100 stólar og 50 borð, sem ætluð eru borgarbúum og gestum til notkunar. Þeim var komið fyrir í svokölluð hvílustæði á göngugötusvæði borgarinnar sem og á Bernhöftstorfu. Það er því ekki rétt að stólarnir séu ætlaðir veitingamönnum í borginni.

Stólarnir og borðin voru keypt í IKEA og nam kostnaður við kaupin um 350.000 kr. Innkaupin voru framkvæmd með beinum innkaupum án verðfyrirspurnar, svo sem heimilt er samkvæmt innkaupareglum borgarinnar við innkaup á vöru undir verðfyrirspurnarmörkum.

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri